

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands þriðjudaginn 20. desember 2016 í máli nr. S-4/2016:Ákærvaldið

(Helgi Jensson, fulltrúi lögreglustjóra)

(Einkaréttarkrafa: Eva Dís Pálmadóttir hrl.)

gegn

X

(Stefán Þór Eyjólfsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember 2016, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Austurlandi dags. 12. janúar 2016, á hendur X, [...], [...], [...], „fyrir líkamsárás á Fljótsdalshéraði, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 11. október 2015 að [...], [...], slegið A nokkur hnefahögg í andlit og höfuð, með þeim afleiðingum að hann hlaut glóðaraugu og mikla bólgu á báðum augum, blæðingu undir glæru vinstra auga og bjúg í glærunni, mar og eymsli á enni, báðum gagnaugum, efri og neðri kjálkum og stirðleika í hálsi. Þá hefur brotaþoli fundið fyrir tvísýni vegna áverka á augum.“

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, og er þess þar krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er í ákæru tilgreind svofelld bótakrafa, sem haldið var uppi við dómtöku málsins: „Af hálfu A er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 700.000, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 11. október 2015. Hafi krafan ekki verið greidd þann 10. janúar 2016, er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða skv. málskostnaðarreikningi sem verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til hennar kemur. Auk þess er krafist fjárhæðar samsvarandi virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.“

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu og að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi. Til vara er gerð krafa um vægustu refsingu sem lög leyfa og lækkun bótakröfu. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

Helstu málsatvik eru þau að lögreglu barst, sunnudaginn 11. október 2015, kl. 10.17, beiðni í gegnum fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um að hafa samband við vakthafandi lækni á Egilsstöðum, B. Upplýsti læknirinn að hjá henni

væri maður sem líklegast hefði orðið fyrir líkamsárás. Kvaðst hún fyrst hafa fengið símtal frá konu um kl. 9:26 um mann sem væri hjá henni, bólginn í framan. Fram hafi komið að maðurinn væri ölvaður og hafi læk'nirinn sagt konunni að láta hann sofa úr sér og hafa svo samband. Næst hafi haft samband leigubílstjóri vegna manns sem hann hefði tekið sem farþega og væri alblóðugur og bólginn í andliti. Hafi læk'nirinn þá sagt honum að koma með manninn á heilsugæslustöð.

Á heilsugæslustöð tjáði brotapolí, A, lögreglu að hann hefði farið með heim um nóttina með fólki sem hann ekki þekkti að loknu skemmtanahaldi á Kaffi Egilsstöðum. Kvaðst brotapolí ekkert muna eftir atvikum þar, en hafa vaknað um morguninn, alblóðugur og bólginn. Kona í íbúðinni hafi aðstoðað hann við að hringja á leigubíl.

Framangreindum atvikum er lýst í frumskýrslu lögreglustjórans á Austurlandi, dags. 23. nóvember 2015, og þar kemur jafnframt fram að eftir aðhlyningu á heilsugæslustöð hafi brotapolí verið sendur með sjúkrabifreið á sjúkrahúsið í Neskaupstað til sneiðmyndatöku á höfði.

Í frumskýrslu kemur enn fremur fram að leigubílstjórinn hafi upplýst lögreglu um heimilisfang þar sem hann hefði sótt brotapolá og þangað hafi lögregla haldið. Til dyra hafi komið C, sem kvaðst búa þar ásamt unnusta sínum, D. Kannaðist hún við að brotapolí hefði farið þaðan fyrir um morguninn. Lögregla hafi litast um í íbúðinni. Inni í stofu, í sófa, hafi strax mátt sjá blóðugt handklæði. Í svefnherbergi, sem C sagði A líklega hafa sofið í, hafi verið blóð í rúmi, blóðug sæng, blóðslettur á skáphurð og á gólfi. Á gólfinu hafi verið skyrta, sem C hafi sagt ákærða eiga. Ákærði hafi verið sofandi á sófa í stofu íbúðarinnar. Lögregla hafi vakið hann og spurt hvort hann vissi hvað hefði komið fyrir. Á meðan rætt var við ákærða hafi lögregla veitt eftirtekt blóði á nöglum eða naglaböndum á báðum höndum ákærða og þurrt blóð á handlegg hans. Ákveðið hafi verið að handtaka ákærða til að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt. Hann hafi verið handtekinn kl. 11:45 og kynnt að hann væri grunaður um líkamsárás. Honum hafi verið kynnt ákvæði um réttindi sakborninga. Hann hafi ekki talið sig þurfa á aðstoð verjanda að halda að svo stöddu. Ákærði hafi verið beðinn að blása í SD2 öndunarmæli til að kanna ölvunarástand og hafi mælst 0,75% kl. 11:50. Hann hafi verið færður á lögreglustöðina á Egilsstöðum og vistaður þar í fangaklefa. Kl. 13:40 hafi verið teknar ljósmyndir af ákærða, blóði á handlegg og fingrum en einng nýlegum áverka á hálsi. Ákærði hafi verið látinn laus að lokinni skýrslutöku, kl. 15.20.

Meðal málgagna eru ljósmyndir lögreglu, sem bera með sér að hafa verið teknar á vettvangi kl. 11:23 til 11:32. Myndirnar eru teknar í einu herbergja íbúðarinnar, þar sem húsráðandi ætlaði að brotapolí hefði sofið, í stofu og í

baðherbergi. Í herberginu sést rúm og þar í hrúgu ofan á sængurfatnaður, þar á meðal sæng með rauðleitu kámi, ætluðu blóði. Þá sést þar á gólfi peysa með skyrtukraga, sem lögregla haldlagði og ákærði kannast við að hafa verið í umrædda nótt. Á skyrtukraganum sést rauðleitt kám. Ennfremur sýna myndirnar brúnleitar slettur á skáphurð og á gólfi í herberginu sem lögregla kveður ætlað blóð. Á mynd af sturtubotni á baðherbergi vísar ör á blett á sturtubotni, einnig ætlað blóð. Þá sést samankuðlað handklæði með rauðleitu kámi á einni myndanna, að því er virðist á stofusófa.

Meðal ljósmynda lögreglu af vettvangi er mynd af ákærða þar sem hann liggur, ber að ofan, undir sæng í sófa. Sést þar kám á vinstri framhandlegg hans, og á annari mynd, nærmynd af hægri hönd hans, sjást dökkleitar rendur meðfram nögglum, hvort tveggja ætlað blóð. Þá er að finna ljósmyndir teknar af ákærða, berum að ofan, á lögreglustöð. Á aftanverðum hálsi hans, vinstra megin, og á vinstri upphandlegg, má sjá rauðleit för og jafnvel rispu á hálsi.

Framangreind peysa ákærða var send til rannsóknar, ásamt sokkum sem hann klæddist við handtöku og stroksýni sem tekið var af kámi á handlegg hans. Fannst blóð á öllum þessum munum og reyndist það hafa sama DNA snið og sýni frá brotapolu. Kemur fram í skýrslu E, sérfræðings hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að miðað við þá tækni og aðferðarfræði sem notuð hafi verið við greininguna megi ganga út frá því að líkurnar á að finna samskonar snið frá óskyldum einstaklingi séu ávallt minni en 1:1.000.000.000.

Þá liggja fyrir í málinu þrjú læknisvottorð varðandi áverka brotapolu. Er þar fyrst að geta vottorðs B lækni á Heilbrigðisstofnun Austurlands, dags. 25. nóvember 2015, sem tók á móti brotapolu á heilsugæslustöð að morgni 11. október s.á., sem þangað leitaði „allur lemstraður í framan og bólginn“ og með sokkið vinstra auga. Kemur þar fram að brotapoli geti hvorki gert grein fyrir því hvernig hann hlaut áverkana né hver veitti honum þá eða hvenær hann hlaut þá. Að hans sögn hafi hann farið með fólki sem hann ekki þekkti í heimahús eftir lokun skemmtistaðar kvöldið áður, en muni ekki eftir samkvæminu.

Um skoðun segir í vottorðinu: „Það er talsvert storknað blóð í andliti, ekki ferskt blóð. Það hefur blætt úr nefi, vi.nös. Það er blóð í vi. hlust, sést ekki inn á hljóðhimnu. Vi. auga er sokkið, mikið hematoma í báðum augnlokum. Augað sjálft er mjög blóðhlaupið, conjunctiva mjög bjúguð og óreglulegt yfirborð. Marinn og lemstraður á enni, gagnaugum, efri og neðri kjálkum. Mar aftan á hnakka, ekkert sár.“ Nánar um áverka á höfði segir þar: „Mar á hnakka, mar á öllu yfirborði andlits, meira á efri helmingi andlits. Sár verkur við þreifingu á efri brún orbita og lat. brún vi. megin. Mikið hematoma í báðum vi. augnlokum, byrgir alveg sýn á vi. auga. Þegar augnlok [eru] þvinguð í sundur er móðusýn. Sjón skýr á hæ. auga. Mar

umhverfis hæ. auga. Ekki eymsli við þreifingu yfir zygomaticus bilat. Efri og neðri mandibula verkjalítill þegar þreifað yfir þeim. Ekki grunur um brot, verkir í samræmi við mar.“ Um háls segir í vottorðinu: „Stirður í hálsi við hreyfingu. Ekki palpeymsli“.

Í vottorðinu er þess getið að brotþoli hafi síðar skýrt læknum frá því að hafa verið „talsvert marinn á líkama“, en lækurinn hafi ekki skoðað þá áverka. Þá er þess getið að engin brot hafi greinst við sneiðmyndatöku á höfði og að brotþoli hafi verið skoðaður af augnlæknum á augndeild LSH. Mikil blæðing hafi sést undir glæru vinstra auga og bjúgur í glæru.

Í niðurlagi vottorðsins segir síðan að áverkar brotþola séu þess eðlis að afar ólíklegt teljist að hann hafi hlotið þá við fall. Áverkarnir virðist ekki vera eftir harða eða beitta hluti. Bendi útlit áverkanna sterklega til þess að þeir séu eftir barsmíðar og spörk.

Fyrir liggja tvö vottorð F augnlæknis. Í hinu fyrra, dags. 17. desember 2015, kemur fram að brotþoli hafi komið til skoðunar læknisins 7. s.m. en hafi áður verið skoðaður á göngudeild augndeildar [LSH] 12. október 2015 eftir að hafa lent í árás aðfaranótt 11. s.m. Í samantekt á niðurstöðu vottorðsins kemur fram að brotþoli sé með tvísýni. Mælist hæðarmunur á augum er hann horfi niður og standi vinstra auga aðeins hærra en það hægra. Líklegast sé um að ræða bólgu eða mar í augntóft eða vöðva og séu líkur á að þetta gangi yfir á næstu 2-3 mánuðum, en þó sé ekki hægt að slá því alveg föstu.

Í vottorði sama læknis, dags. 2. maí 2016, kemur fram að brotþoli hafi komið aftur í skoðun 1. apríl s.á. og sé staðan alveg óbreytt. Megi því ætla að „inferior rectus vöðvinn“ á vinstra auga hafi skaddast. Þar sem svo langur tími sé liðinn séu ekki líkur á að tvísýnin gangi til baka.

II

Hér verða rakin þau atriði sem máli skipta úr framburði ákærða og vitna fyrir dómi og vikið að framburði þeirra hjá lögreglu ef tilefni er til.

Ákærði lýsti atvikum svo fyrir dómi að hann hefði verið mjög ölvaður umrædda nótt. Fyrst hafi verið farið á skemmtistað á Egilsstöðum, og þaðan farið að [...], heimili vinkonu ákærða og unnusta hennar. Brotþoli hafi komið þangað með þeim. Ákærði kvaðst ekki muna hver ók þeim þangað. Þar hafi verið haldið áfram að neyta áfengis. Komið hafi til „ósættis“ milli hans og brotþola. Ákærði kvaðst ekki muna um hvað ósættið snerist og ekki muna hvort húsráðendur hafi þá verið farnir að sofa. Eftir það kvaðst ákærði ekkert muna sökum ölvunar, fyrr en hann var vakinn af lögreglu og handtekinn.

Lögreglan hafi upplýst hann meðan hann dvaldi í fangaklefa um að brotþoli hefði þurft að fara á sjúkrahús. Kvaðst ákærði hafa talið sér trú á þeim tíma um að hann hlyti að hafa veitt brotþola áverka. Hann hefði hins vegar engar minningar um það. Ákærði tók fram að hann sé ekki ofbeldismaður og kvaðst nú þeirrar skoðunar að hann gæti ekki hafa gert þetta.

Aðspurður hvort hann gæti gefið skýringar á tilkomu áverka brotþola sagðist ákærði hafa heyrt sögur af því að brotþoli hefði verið „dettandi“ um alla íbúðina. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við þetta sjálfur en í viðræðum hans við C eftir atburðinn hafi komið fram að hún hefði heyrt dynki eins og brotþoli hefði verið að detta. Hann kvaðst ekki geta skýrt hvernig blóð hafi komist á líkama hans og fatnað. Bornar voru undir hann ljósmyndir lögreglu af haldlögðum fatnaði, peysu með skyrtukraga og sokkum, og staðfesti hann að hafa verið í hvorutveggja umrædda nótt.

Ákærði kvaðst hafa lélegt sjálfsmat og hafa tilneigingu til að reyna að þóknast öðrum. Afsökunarbréf sem hann hafi sent brotþola og samskipti hans við brotþola á samskiptamiðli eftir atburðinn eigi sér þá skýringu að hann hafi farið í áfengismeðferð strax eftir atburðinn og verið að vinna í sjálfum sér.

Fyrir dómi kom fram að ákærði sé samkynhneigður. Aðspurður neitaði hann því að um nokkurn samdrátt eða kynferðislegan áhuga hafi verið að ræða milli sín og brotþola og ennfremur að ósætti milli hans og brotþola hafi tengst slíku.

Ákærði kvaðst enn hafa verið ölvaður og illa áttaður er hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann við skýrslugjöfina bara hafa sagt það sem hann „hélt“ að hefði gerst. Frásögn hans hafi í raun verið tilbúningur.

Vegna framburðar ákærða fyrir dómi er nauðsynlegt að rekja hér úr framburði hans hjá lögreglu. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu sunnudaginn 11. október 2015, eftir vistun í fangaklefa. Hófst skýrslutaka kl. 14:43 og lauk kl. 14:58. Önnuðust skýrslutökuna sömu lögreglumenn og sinnt höfðu málinu á vettvangi. Liggur fyrir orðrétt endurrit af skýrslutökunni, auk hljóðritunar af henni. Samkvæmt því sem þar kemur fram var ákærða kynnt sakarefnið og réttindi hans sem sakbornings til að tjá sig ekki um sakarefnið. Þá var vakin athygli hans á rétti til að njóta aðstoðar verjanda, en ákærði afþakkaði slíka aðstoð. Var ákærða boðið að tjá sig sjálfstætt um málið og skýrði hann þá strax frá því að hafa farið heim með húsráðendum að [...], C og D, og brotþola, einhvern tímann um nóttina. Þau hafi verið að spjalla, hlusta á tónlist og fá sér í glas, „og síðan fara þau minnir mig að sofa og hann, þessi maður, ég man eftir, þú veist, ég kýldi hann eitthvað, ég held það, af því hann sagði eitthvað við mig. ... svo var maður svo drukkinn og eitthvað og ég náttúrulega fór að sofa þarna en þú veist ég man líka að ég var alltaf að heyra svona dynki og eitthvað eins og hann væri bara að detta í gólfið og detta í gólfið

aftur og aftur og aftur.“ Nánar aðspurður kvað ákærði þá brotþola hafa verið að spjalla inni í stofu, eftir að húsráðendur voru farnir að sofa, „og svo urðu einhver svona orðaskök sko eða þú veist hann sagði eitthvað, ég man ekki nákvæmlega hvað hann sagði, og kýldi hann einhverja nokkrum sinnum“. Aðspurður hvar hann hefði kýlt, svaraði ákærði: „Í andlitið ... með hendinni“ og sýndi hægri hönd sína. Síðar, aðspurður í tilefni af áverkum á hálsi og ofanverðum upphandlegg, hvort hann hafi lent í einhverjum átökum, kvaðst ákærði ekki minnst þess, en sagði: „Ég held bara að ég hafi kýlt hann sko í andlitið, eða þú veist mig minnir það, ég man það greinilega.“ Aðspurður hve oft hann hafi kýlt, svaraði ákærði: „Þrisvar eða eitthvað“. Endurtók ákærði það nokkrum sinnum til viðbótar við skýrslugjöfina að hann hefði „kýlt“ manninn. Þetta hafi gerst inni í stofu. Ákærði kvaðst aðspurður „ráma“ í að hafa aðstoðað brotþola, sem „gat varla stigið í lappirnar“ inn í herbergið og reynt að „koma honum upp í rúm til að láta hann fara að sofa“, en kvaðst handviss um að hafa ekki kýlt hann þar inni. Ákærði gaf þá skýringu á hrufli á hálsi að það væri „örugglega eftir kettina mína“ og á blóði við naglabönd gaf hann þá skýringu að hann nagaði neglur, en ekki gat hann gefið skýringu á blóðkámi á framhandlegg sínum.

Fyrir dómi voru bornir undir ákærða kaflar úr framburði hans hjá lögreglu. Ítrekaði hann að frásögn hans hafi helgast af því að hann hafi á þeim tíma haldið að hann hefði kýlt brotþola og ítrekaði að ástand hans hafi ekki verið gott við skýrslutökuna.

Brotþoli, A, kvaðst fyrir dómi, eftir lokun skemmtistaðar á Egilsstöðum, hafa farið í bíl að [...] með ákærða og tveimur öðrum ungmennum, pilti og stúlku sem hann þekkti ekki með nafni. Til hafi staðið að þaðan myndi hann taka leigubíl heim til sín, þegar leigubíll fengist. Þar hafi verið tónlist, dansað uppi á borðum og áfengi haft um hönd. A kvaðst svo hafa fengið högg á höfuðið og ekki muna meira eftir sér fyrr en hann vaknaði um morguninn, fullklæddur í rúmi inni í herbergi, með blóðuga áverka í andliti. Hann hafi skolað af sér mesta blóðið og bankað svo á dyr að næsta herbergi til að leita aðstoðar. Þar hafi risið upp maður og rekið hann út, en stúlkan hafi komið fram og aðstoðað hann við að hringja á leigubíl. Kvaðst brotþoli hafa farið beint til læknis á heilsugæslustöð. Auk áverka á höfði og andliti hafi hann einnig reynst marinn á líkama, með sár á geirvörtu og blætt hafi úr eyra. Alla þessa áverka hafi hann hlotið umrædda nótt.

Nánar aðspurður um það högg sem hann sagðist hafa fengið kvaðst brotþoli telja sig hafa fengið óvænt högg á höfuðið og telja það hafa komið frá hlið því hann hafi ekki séð það. Hann hafi „steinrotast“ skyndilega. Hann kvaðst ekki telja sig hafa dottið út vegna ölvunar, enda hafi hann verið „alveg klár“ rétt áður og ekki svo mikið drukkinn. Nefndi brotþoli að ákærði hafi verið dansandi

uppi á borði um þetta leyti. Ungmennin hafi öll þrjú verið í stofunni síðast er hann mundi eftir sér.

Brotapoli gerði grein fyrir læknisheimsóknnum og áverkum sínum, einkum augnáverka. Hann kvaðst hafa þurft að fara fjórar ferðir til Reykjavíkur vegna þessa. Nú liggi fyrir að tvísýni hans sé varanleg. Þá lýsti hann því hver áhrif augnáverkinn hafi haft á líf hans, þar á meðal andlega líðan, og kvaðst m.a. hafa misst af atvinnutækifæri og aukastarfi vegna áverkanna.

Brotapoli gaf skýrslu hjá lögreglu 16. nóvember 2015 og aftur 14. desember s.á. Borið var sérstaklega undir brotapolu að ekki yrði af skýrslum hans hjá lögreglu ráðið að hann hafi greint þar frá því að hafa orðið fyrir höggi. Kvaðst brotapoli viss um að hafa „skynjað“ högg, en ekki telja sig hafa dottið út sökum ölvunar. Þá var borið undir brotapolu að vitni hefði borið um að hann hefði ekki verið í sínum fötum er hann vaknaði. Kvaðst hann ekki minnst annars en að hafa verið í sínum eigin fötum. Tók hann fram að hann kannaðist ekki við að hafa verið misnotaður, í tilefni af því sem fram hefði komið við rannsókn málsins um grun vitna um slíkt.

C kvaðst fyrir dómi þekkja ákærða til nokkurra ára og þau hafi á tímabili verið góðir vinir. Umrætt kvöld hafi þau ákærði byrjað að drekka áfengi heima hjá ákærða og síðan hafi verið farið á Kaffi Egilsstaði, ásamt D, maka vitnisins. Þar hafi þau hitt brotapolu. Eftir lokun hafi þau fjögur haldið heim til vitnisins í leigubíl, en þau hafi þurft að bíða í 30-60 mínútur eftir bílnum og verið komin heim um fjögur- eða fimmleytið. Vitnið kvaðst hafa verið því mótfallinn að brotapoli kæmi með, enda þekkti hún hann ekki, en ákærði og brotapoli hafi báðir heimitað að brotapoli fengi að koma með. Er heim var komið hafi D farið að sofa, en þau þrjú hafi haldið áfram að skemmta sér, drukkið áfengi og dansað í u.þ.b. hálf tíma, áður en vitnið ákvað að fara að sofa. Fleiri hafi ekki verið í íbúðinni. Ákærði hafi í smátíma verið að reyna við brotapolu, en hafi hætt því eftir að brotapoli tók fram að hann væri ekki samkynhneigður. Kvaðst vitnið hafa ætlað að koma brotapolu inn í rúm í gestaherbergi er hún fór að sofa, en ákærði hafi sagst sjá um það. Vitnið kvaðst sjálf hafa verið orðin mjög ölvuð, brotapoli hafi verið „alveg blekaður“, en ákærði hafi verið „með eitthvað vit í hausnum“. Brotapoli hafi ekki staðið í lappirnar og hafi vitnið séð hann detta nokkrum sinnum sökum ölvunar á meðan þau voru að dansa. Sérstaklega aðspurð kvaðst hún enga áverka hafa séð á brotapolu er hún fór að sofa. Vitnið kvaðst hafa heyrt dynki öðru hvoru eftir að hún fór í háttinn.

Um morguninn kvaðst vitnið hafa vaknað við að brotapoli „datt“ inni í herbergi hennar og D um átta eða níuleytið um morguninn. Lýsti vitnið því svo að brotapoli hafi stigið inn í herbergið og dottið aftur fyrir sig, líklega sökum ölvunar. Vitnið kvaðst hafa hjálpað honum að finna fötin sín. Ákærði hafi þá verið sofandi á

stofusófa. Lögreglan hafi komið skömmu eftir að brotaþoli fór með leigubíl.

Vitnið kvaðst hafa vakið máls á atburðinum við ákærða, líklega nokkrum vikum síðar. Hafi ákærði þá viðurkennt að hafa slegið brotaþola eitt högg. Vitnið sagði að sér hafi verið brugðið, því hún vissi ekki til þess að ákærði gæti verið ofbeldishneigður.

Vitnið staðfesti að ummerki um blóð hafi verið að finna á nokkrum stöðum í íbúðinni, þ.e. í gestaherberginu, en hún kvaðst ekki muna eftir blóði inni á baðherberginu.

D skýrði með svipuðum hætti frá atburðum og unnusta hans, *C*. Kvaðst hann hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn, ásamt unnustu sinni og ákærða á Kaffi Egilsstöðum. Hann hafi séð ákærða ræða við brotaþola af og til þar inni. Er þau ætluðu heim með leigubíl hafi ákærði ólmur viljað fá brotaþola með. Brotaþoli hafi því komið með þeim heim. Þetta hafi verið um þrjú eða fjögurleytið um nóttina. Þar hafi verið haldið áfram að drekka og spjalla. Vitnið kvaðst hafa verið „vel í glasi“, en muna helstu atriði kvölds og nætur. *C* hafi verið „létt“, ákærði „vel í glasi“ og brotaþoli „vel fullur“. Vitnið kvaðst hafa farið fyrstur inn að sofa og tók fram að svefn hans hafi ábyggilega nálgast stig áfengisdauða. Engir áverkar hafi verið á brotaþola er vitnið fór að sofa og allt verið í góðu. Búið hafi verið að ákveða að brotaþoli myndi gista í gestaherberginu en ákærði á stofusófanum. Vitnið kvaðst hafa sofnað og ekki hafa orðið vart við nein átök eða læti um nóttina.

Um morguninn kvaðst vitnið hafa vaknað við að brotaþoli kom inn í herbergi hans, en vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir áverkum hans, enda dimmt í herberginu. Hann hafi því rekið brotaþola út og haldið áfram að sofa.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa séð brotaþola missa jafnvægið og detta á bakhlutann í eitt skipti. Það hafi gerst utan við húsið á meðan þeir voru að reykja. Aðspurt um samskipti brotaþola og ákærða, sagði vitnið að þau hafi virst góð, en brotaþoli hafi þó nefnt við hann að honum þætti ákærði full ágengur við sig og að honum mislíkaði það.

Fyrir dómi var borinn undir vitnið framburður þess hjá lögreglu um að hafa, eftir að vitnið lagðist til svefns, heyrt umgang frammi og að það hafi hljómað eins og fullur maður væri að ganga um, slá í veggum o.þ.h. Kvað vitnið þetta þá rifjast upp fyrir sér.

G leigubílstjóri kvaðst hafa flutt brotaþola frá [...] á heilsugæslustöð umræddan morgun. Lýsti vitnið áverkum brotaþola í andliti, og kvað hann brotaþola hafa rætt um að hafa verið barinn í samkvæmi um nóttina. Annað sem þýðingu hefur fyrir málið kom ekki fram í framburði vitnisins.

Lögreglumennirnir *H* og *I* staðfestu fyrir dómi skýrslugerð sína og báru um aðkomu sína að málinu, m.a. að ljósmyndatöku á vettvangi og af brotaþola á

heilsugæslustöð. Lýstu þau aðstæðum á vettvangi, ákvörðun um handtöku ákærða og vistun hans í fangaklefa. Staðfesti I að hafa annast mælingu á ölvun ákærða með SD2 mæli. Rætt hafi verið við ákærða á vettvangi og kváðust bæði vitnin minnst þess að ákærði hefði í fyrstu rætt um að brotaþoli hefði verið að detta út um allt hús.

Þá báru þau um framkvæmd formlegrar skýrslutöku sem fram fór af ákærða samdægurs. Um algerlega hefðbundna skýrslutöku hafi verið að ræða. Ákærða hafi fyrst verið gefið færi á að tjá sig sjálfstætt, og svo spurður nánar um málið. Þau höfnuðu því bæði að nokkur merki hafi verið um að ákærði væri ekki hæfur til að gefa skýrslu hjá lögreglu. Bar þeim saman um að ákærði hafi verið búinn að sofa í fangaklefa og fengið vatn að drekka, áður en skýrslutakan hófst síðdegis. Hann hafi ekki virst ölvaður. Hann hafi verið yfirvegaður, greinargóður, skýr og stöðugur. Bæði vitnin kváðust hafa talið ákærða segja satt og rétt frá er hann játaði að hafa kýlt brotaþola. Tók I fram að skýrslutakan hafi farið rólega fram og ekki hafi borið á streitu hjá ákærða, en hann hafi virst miður sín.

Vitnin voru sérstaklega spurð hvaða upplýsingar ákærði hefði fengið um áverka brotaþola fyrir skýrslutökuna. Tók I fram að ákærði hafi verið upplýstur um að brotaþoli væri með áverka sem virtust eftir líkamsárás, en áverkum eða staðsetningu þeirra hafi ekki verið lýst nánar. H sagðist hafa gert ákærða grein fyrir því að þetta liti út fyrir að vera frekar alvarlegur atburður og að brotaþoli hefði verið verið fluttur á sjúkrahús.

Aðspurður kvað H að skófatnaður ákærða hafi ekki verið skoðaður, en telja nokkuð víst að skórnir hafi verið í anddyrinu. Ákærði hafi verið á sokkunum og strax sést að sokkarnir voru blóðugir. Vitnið staðfesti að enga áverka hafi verið að sjá á höndum ákærða, en blóð í kringum neglur. Þá kvað hann aðspurður grunsemdir lögreglu ekki hafa beinst að öðrum en ákærða við rannsókn málsins, utan þess að um skamma hríð hafi brotaþoli rætt um einhverja tvo menn. Eftir að rætt hafði verið við húsráðendur hafi þótt liggja ljóst fyrir að auk ákærða og brotaþola hafi einungis húsráðendur verið staddir í íbúðinni.

J rannsóknarlögreglumaður og *K* lögreglumaður gerðu grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins og staðfestu fyrir dómi skýrslugerð sína í málinu. Jskýrði m.a. ástæðu þess að grunur vaknaði við rannsókn málsins um að brotaþoli hefði hugsanlega orðið fyrir kynferðisbroti og að af þeim sökum hefði verið tekin önnur skýrsla af brotaþola, þar sem fram hafi komið að brotaþoli tæki ekki undir þær grunsemdir.

E, sérfræðingur í tæknideild embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti skýrslugerð sína í málinu um rannsókn haldlagðra muna, sendingu sýna til DNA-rannsóknar og um niðurstöðu þeirrar rannsóknar.

Staðfesti hann að mestu mögulegu líkur séu taldar fyrir því að blóð sem fannst í sýnum sem send voru til greiningar sé úr brotaþola. Lýsti vitnið blóðblettum á fatnaði ákærða og hvaða ályktanir mætti draga af því um hvernig þeir séu tilkomnir. Á sokkum ákærða ofanverðum hafi fundist bæði blóðkám, sem merki snertingu við blóðugan flöt, og hringlaga blóðblettir, sem merki að blóð hafi fallið niður á efnið. Á stroffi sokkana hafi verið kám. Hann kvaðst ekki treysta sér til að draga neina ályktun af útliti blettanna um það hvort sá sem var í sokknum hafi sparkað í mann. Á peysu ákærða hafi verið bæði blóðslettur og kám og fleiri blettir að aftan en að framan.

B læknir staðfesti vottorð sitt, dags. 25. nóvember 2015. Brotaþoli hafi verið með töluverða áverka, virst ölvaður en rólegur og yfirvegaður. Hann hafi gefið skýra sögu, þó þannig að hann hafi ekki munað hvernig áverkar hans voru til komnir, en vaknað með þá og talið sig hljóta að hafa orðið fyrir árás. Vitnið lýsti ítarlega áverkum brotaþola á höfði og andliti við skoðun. Brotaþoli hafi ekki sagst finna til annars staðar og því ekki verið skoðaður á líkama, en síðar hafi hann upplýst um eymsl í síðum.

Vitnið kvað brotaþola augljóslega hafa orðið fyrir mörgum, þungum höggum á höfuð, sérstaklega á efri hluta andlits. Tók vitnið fram að blæðing úr eyra hljótist ekki nema af þungu höggi. Áverkarnir séu ekki eftir fall. Rökstuddi vitnið það álit sitt. Um dreifða áverkar sé að ræða, svo til hringinn í kringum höfuðið, og mynstur þeirra bendi ekki til þess að þeir hafi orsakast af falli, jafnvel ítrekuðum föllum. Ekki sé hægt að svara því hvort notaðir hafi verið hnefar, fætur eða sljótt áhald, en ólíklegt sé að beitt áhald hafi verið notað, enda engir skurðir á brotaþola. Engin ummerki hafi verið í áverkum eftir gleraugu.

F augnlæknir staðfesti fyrir dómi vottorð sín, útgefin 17. desember 2015 og 2. maí 2016. Hún staðfesti að um varanlegan skaða á vöðva undir vinstra auga sé að ræða. Högg á vöðvann sé líklegasta skýring áverkans. Kvað vitnið engar horfur á að einkenni brotaþola, tvísýni er hann horfi niður á við, muni lagast og ekki sé hægt að laga þetta með aðgerð. Skaðinn hafi í för með sér verulega truflun á daglegu lífi brotaþola.

L geðlæknir staðfesti fyrir dómi vottorð sitt um hagi ákærða, dags. 21. nóvember 2016, og svaraði spurningum um efni þess. Í vottorði hans og framburði fyrir dómi kemur fram að ákærði sé haldinn kvíðaröskun og persónuleikaröskun af blandinni gerð. Staðfesti hann að brotaþoli hafi tilhneigingu til að reyna að þóknast öðrum. Í framburði hans kom fram að vitnið hafi hitt ákærða reglulega, m.a. undanfarið ár, en ákærði hafi aðeins nýlega skýrt vitninu frá málinu, þ.e. 17. nóvember sl.

III

Niðurstaða

Samkvæmt ákæruskjali er ákærða gefin að sök líkamsárás, sem talin er varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa, aðfaranótt 11. október 2015, slegið brotaþola, A, nokkur hnefahögg í andlit og höfuð, með þeim afleiðingum að hann hlaut umtalsverða áverka á andliti og höfði, eins og nánar er rakið hér að framan.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Vörn hans er á því reist að ósannað sé að hann hafi orðið valdur að áverkum brotaþola og að játning hans hjá lögreglu hafi verið fölsk. Ber ákærði því við að sjálfsmat hans sé afar lágt og hann sé áhrifagjarn. Hann hafi haldið, við skýrslugjöf hjá lögreglu, að hann hlyti að vera sekur um líkamsárás á brotaþola, og því skýrt svo frá. Sannleikurinn sé hins vegar sá að hann muni alls ekki eftir atburðum sökum ölvunar og telji sig alls ekki hafa valdið áverkum brotaþola, enda sé hann enginn ofbeldismaður.

Eins og rakið hefur verið hér að framan leitaði brotaþoli á heilsugæslustöð að morgni 11. október 2015 vegna áverka sem hann vaknaði með eftir samkvæmi og næturdvöl að [...]. Vaknaði strax grunur um að hann hefði orðið fyrir líkamsárás, enda um víðfeðma höfuðáverka að ræða, þótt hann gæti ekki borið um það sjálfur hvernig þessir áverkar væru tilkomnir. Fær sú ályktun styrka stoð í ljósmyndum af áverkum brotaþola sem teknar voru á heilsugæslustöð og fylgja frumskýrslu, sem og í vottorði og framburði B lækni, sem rakinn er hér að framan.

Á vettvangi beindist strax grunur að ákærða sem svaf í stofusófa er lögregla kom að [...], m.a. sökum blóðkáms á vinstri framhandlegg hans og við naglabönd. Ekki er að sjá af rannsóknargögnum að grunur lögreglu hafi á nokkrum tímamarki beinst að húsráðendum eða að öðrum utanaðkomandi. Bendir heldur ekkert til þess að aðrir en húsráðendur, ákærði og brotaþoli hafi verið í íbúðinni umrædda nótt og er ekkert fram komið í málinu sem bendlar aðra en ákærða við árás á brotaþola eða áverka hans. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að brotaþoli hafi yfirgefið íbúðina og hlotið áverka sína utan hennar. Ummerki í herbergi íbúðarinnar benda hins vegar til þess að brotaþola hafi blætt þar inni.

Ekki fór fram réttarlæknisfræðileg rannsókn á ákærða eftir handtöku, en teknar voru ljósmyndir af áverkamerkjum á honum, kámi á handlegg og af hönd, auk þess sem tekið var stroksýni af kámi á framhandlegg hans. Eins og rakið hefur verið greindist blóð úr brotaþola í stroksýninu, sem og í sokkum og peysu ákærða. Hefur ákærði ekki getað gefið á því skýringar hvers vegna blóð brotaþola fannst á handlegg hans og þeim sokkum sem hann klæddist er lögregla hafði afskipti af honum í íbúðinni. Þá hefur hann ekki gefið á því skýringu hvers vegna peysan hans lá ötuð blóði brotaþola á gólfi í herbergi því sem ætlað er að brotaþoli hafi sofið í.

Ákærði játaði samdægurs við formlega skýrslutöku hjá lögreglu að hafa kýlt brotaþola nokkrum sinnum, líkast til þrisvar sinnum, og gaf í skyn að hafa gert það vegna einhvers ágreinings sem hefði komið upp á milli þeirra. Gerði hann þó ekki nánari grein fyrir því hvers efnis sá ágreiningur var og var ekki frekar um það spurður, að öðru leyti en því að hann var spurður hvort um einhvers konar „samband“ milli þeirra hafi verið að ræða. Þá var borinn undir hann framburður vitna um að ákærði hefði sýnt sérstakan áhuga á að fá brotaþola með heim af skemmtistaðnum. Hvoru tveggja neitaði ákærði. Á sama veg bar ákærði fyrir dómi, utan þess að hann neitar nú að hafa kýlt brotaþola og ber við minnisleysi.

Fyrir dómi gerðu lögreglumennirnir H og I grein fyrir aðstæðum við skýrslutöku af ákærða og kom fram að ekki hafi sést á honum ölvun og að hann hafi verið skýr og greinargóður. Samræmist það því sem ráðið verður af orðréttu endurriti af skýrslugjöf ákærða. Ekki varpar það neinni rýrð á framburð lögreglumannanna þótt áfengismæling sem ákærði undirgekkst með því að blása í svokallaðan SD2 mæli lögreglu, hafi gefið niðurstöðuna 0,75‰ kl. 11:50, en það getur vel samrýmst því að runnið hafi verið af honum að mestu tæpum þremur klukkustundum síðar er skýrslutaka hófst. Þá kemur ekkert fram í orðréttu endurriti af skýrslugjöf ákærða sem bendir til þess að lögregla hafi með nokkru móti þrýst á eða leitt ákærða með spurningum til þess að játa sök. Kemur þar skýrt fram að ákærði ber strax við upphaf skýrslutökunnar um að hafa kýlt brotaþola, eftir að honum var boðið að tjá sig með eigin orðum um málið og áður en farið var að spyrja hann sérstaklega út í einstök atvik. Að vísu virðist ákærða hafa verið kunnugt um það fyrirfram að áverkar brotaþola væru svo umtalsverðir að flytja hafi þurft hann á sjúkrahús. Sér þess stað um miðbik endurrits skýrslutökunnar, þar sem ákærði spyr hvenær brotaþoli hafi farið á sjúkrahús, án þess að að því hafi verið vikið fyrr við skýrslugjöfina. Kemur það einnig heim og saman við framburð lögreglumannsins H, sem kvaðst fyrir dómi hafa gefið ákærða þær upplýsingar. Báðir lögreglumennirnir staðhæfðu hins vegar að ákærða hafi ekki verið gefnar frekari upplýsingar um áverka brotaþola, s.s. staðsetningu og eðli þeirra. Kemur það heim og saman við framburð ákærða, sem sjálfur ber ekki um að hafa fengið nákvæmari upplýsingar.

Þótt framburður ákærða sjálfs um slakt sjálfsmat, sem geri það að verkum að hann leitist við að þóknast öðrum, fái stoð í vottorði L geðlæknis, telur dómurinn, samkvæmt framanrituðu, ekkert fram komið sem bendi til þess að lögreglan hafi viljandi eða óvitandi haft áhrif á þann framburð sem ákærði gaf samdægurs við rannsókn málsins.

Að framanrituðu virtu þykir ákærði ekki hafa gefið sennilega og trúverðuga skýringu á breyttum framburði sínum fyrir dómi.

Við mat á framburði brotaþola, A, verður litið til þess að hann var ölvaður umrætt sinn. Fyrir dómi tók framburður hans þeim breytingum að hann kvaðst hafa skynjað högg, rétt áður en hann datt út, en fyrir lögreglu minntist hann ekki á högg. Telur dómurinn breyttan framburð brotaþola kunna að litast af ályktunum sem hann kann að hafa dregið af gögnum málsins. Þá verður framburður brotaþola ekki skilinn á annan veg en að húsráðendur hafi verið í stofunni er hann hlaut þetta högg, en það fær ekki stoð í framburði þeirra. Verður því litið svo á að brotaþoli sé ekki til frásagnar um það hvernig áverkarnir komu til.

Framburður húsráðenda, C og D, hefur verið stöðugur og er að mati dómsins trúverðugur, eins langt og hann nær, að teknu tilliti til ölvunar þeirra í umrætt sinn og annars sem fram kom fyrir dómi um kunningsskap þeirra við ákærða.

Með vísan til hinna umfangsmiklu áverka brotaþola á höfði og andliti, sem sjást vel á ljósmyndum, til vottorðs B læknis og eindregins framburðar hennar fyrir dómi um að fall eða jafnvel ítrekuð föll geti ekki skýrt alla áverkana, verður að telja hafið yfir skynsamlegan vafa að brotaþoli hafi orðið fyrir nokkrum þungum höggum af hendi annars manns.

Í því efni berast böndin eindregið að ákærða, samkvæmt öllu því sem rakið hefur verið hér að framan. Eins og fram er komið byggir ákærði sakarneitun sína fyrir dómi ekki á því að hann muni atvik öðru vísi en greinir í ákæru, heldur á algjöru minnisleysi um atburði sökum ölvunar. Samkvæmt framburði hans hófst það minnisleysi rétt eftir að komið hafði til ósættis milli hans og brotaþola og hefur hann enga grein gert fyrir því um hvað það ósætti snerist. Eins og rakið hefur verið metur dómurinn skýringar ákærða á breyttum framburði hans ótrúverðugar. Þá stangast framburður ákærða á við framburð vitnanna C og D, sem dómurinn telur trúverðugan, um það að ákærði hafi sýnt brotaþola kynferðislegan áhuga um nóttina. Dregur það ósamræmi einnig úr trúverðugleika ákærða.

Ennfremur styðst niðurstaða um sakaráfall við hlutlæg sönnunargögn að nokkru leyti, enda hefur ákærði ekki getað gefið neina skýringu á því hvers vegna blóð úr brotaþola fannst á handlegg hans og sokkum. Ljóst er að blóðblettir á sokkum hans ofanverðum, hringlaga dropar, geta vart skýrst af öðru en því að hann hafi verið nærri brotaþola á meðan blóð rann úr honum.

Í fyrirliðgjandi samskiptum ákærða við brotaþola í gegnum samfélagsmiðil, frá október til desember 2015, og í sendibréfi, sem ber með sér að hafa verið póstlagt 10. nóvember 2015, lýsir ákærði iðrun og umhyggju vegna áverka brotaþola. Biðst ákærði í bréfinu fyrirgefningar á því sem hann hafi gert brotaþola. Ekki kemur þó fram í þessum gögnum nein játning á refsiverðri háttsemi. Þessi gögn eru þó fremur til þess fallin en hitt að renna stoðum undir það að ákærði hafi,

allöngu eftir að skýrslutaka hjá lögreglu var afstaðin, enn staðið í þeirri meiningu að hann hefði gert eitthvað á hlut brotaþola.

Loks er ekkert fram komið sem bendir til þess að óþekktur aðili kunni að hafa ráðist á brotaþola og valdið honum áverkum. Verður ekki séð að rannsókn lögreglu hafi verið áfátt í neinu sem máli skiptir, hvað rannsókn þess möguleika snertir.

Að öllu framanrituðu virtu, og að virtum skilyrðum 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, er það álit dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás á brotaþola, A, með því að slá hann nokkur hnefahögg í andlit og höfuð umrætt sinn, með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir.

Eins og ákæru er háttað verður brot ákærða heimfært til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, sem er á fertugsaldri, á sér nokkurn sakaferil, sem nær samkvæmt framlögðu sakavottorði aftur til ársins 2000, en honum hefur þó ekki verið gerð refsing síðan á árinu 2010 og ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot. Hefur sakaferill hans ekki áhrif við ákvörðun refsingar hans nú. Við ákvörðun refsingar ákærða verður einkum litið til þeirra alvarlegu afleiðinga sem af árásinni hlutust, en brotaþoli mun, samkvæmt framburði augnlæknis, búa við varanlegan sjónskaða. Þykir refsing ákærða, með vísan til 1. og 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en fært þykir að fresta fullnustu tveggja mánaða þeirrar refsingar og fellur sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. sömu laga, með síðari breytingum.

Af hálfu brotaþola, A, er gerð krafa um skaðabætur úr hendi ákærða, samtals að fjárhæð 700.000 krónur, auk málskostnaðar. Er sú krafa sundurliðuð þannig í skriflegri einkaréttarkröfu, dags. 10. desember 2015, að um sé að ræða kröfu um miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur, með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa um 200.000 krónur til viðbótar sé byggð á útlögðum kostnaði samkvæmt reikningum að hluta en áætlun að hluta. Til stuðnings þeirri kröfu er vísað til 1. gr. skaðabóta laga. Lagði brotaþoli fram undir rekstri málsins frekari reikninga en fylgdu einkaréttarkröfunni við þingfestingu málsins.

Kröfu um miskabætur þykir í hóf stillt, miðað við umfang áverka brotaþola og varanlegar afleiðingar þeirra, og verður sá þáttur hennar tekinn til greina að fullu. Krafa brotaþola á grundvelli 1. gr. skaðabótalaga er studd fullnægjandi reikningum upp að fjárhæðinni 147.289 krónur. Umfram þá fjárhæð er krafan einungis studd áætlun gleraugnaverslunar um 90.000 króna kostnað vegna nýrra

glerja í gleraugu sem brotaþoli kveður hafa eyðilagst við árásina. Upplýsti brotaþoli fyrir dómi að hann hafi ekki enn látið skipta um þessi gler. Er sú krafa ekki studd fullnægjandi gögnum og verður henni hafnað. Samkvæmt framanrituðu verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola alls 647.289 krónur í skaðabætur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Upphafstíma dráttarvaxta hefur ekki verið mótmælt sérstaklega og miðast hann við þann dag er mánuður var liðinn frá því er bótakrafan var fyrst birt fyrir ákærða við þingfestingu málsins. Að auki verður ákærða gert að greiða brotaþola 275.000 krónur í málskostnað, með vísan til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt yfirliti ákæruvalds um sakarkostnað, sem stutt er reikningum, hefur fallið til sakarkostnaður sem samtals nemur 265.621 krónu við rannsókn málsins og undir rekstri þess fyrir dómi. Er þar að stærstum hluta um að ræða DNA-rannsókn sem ráðist var í þegar ljóst var að ákærði neitaði sök í málinu, en þeim hluta kostnaðarins mótmælir ákærði sérstaklega. Er auk þess um að ræða kostnað vegna öflunar tveggja læknisvottorða um áverka brotaþola og sendingu vottorða og sýna. Þykja engin efni til annars en að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað samkvæmt yfirlitinu. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Þórs Eyjólfssonar hdl., þykja hæfilega ákveðin 920.700 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá ber að endurgreiða verjandanum útlagðan kostnað af öflun læknisvottorðs geðlæknis samkvæmt reikningi, 84.040 krónur. Samtals verður ákærði því dæmdur til að greiða 1.270.361 krónu í sakarkostnað, með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008.

Dómur þessi er kveðinn upp af héraðsdómurinum Hildi Briem, Símoni Sigvaldasyni og Skúla Magnússyni.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu tveggja mánaða refsingarinnar er frestað og fellur sá hluti hennar niður að tveimur árum liðnum, frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 647.289 krónur í skaðabætur, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 11. október 2015 til 16. mars 2016, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 275.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 1.270.361 krónu í sakarkostnað og eru þar meðtalin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Stefáns Þórs Eyjólfssonar hdl., að fjárhæð 920.700 krónur og útlagður kostnaður verjandans, 84.040 krónur.

Hildur Briem
Símon Sigvaldason
Skúli Magnússon